

Bæjarstjórn - 1966

FUNDARBOÐ

**1966. fundur bæjarstjórnar Hafnarfjarðar
verður haldinn í fundarsal bæjarstjórnar Hafnarborg, miðvikudaginn 3.
desember 2025 og hefst kl. 13:00**

Dagskrá:

Almenn erindi

1. 2503049 - Brynja leigufélag ses., umsókn um stofnframlög 2025 og 2026

4.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 27.nóvember sl.

Brynja og stofnframlög 2025 - 2026

Bæjarráð samþykkir framlagða tillögu um stofnframlög og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar.

Fulltrúar Samfylkingar koma á framfæri eftirfarandi bókun:

Fulltrúar Samfylkingarinnar fagna því að veitt verði stofnframlög vegna íbúða hjá Brynju leigufélag fyrir öryrkja í Hafnarfirði og að það nýtist til þess að stytta langa biðlista eftir félagslegum íbúðum hjá Hafnarfirði. Einnig hvetja jafnaðarmenn til enn frekara samstarfs við Brynju leigufélag og aðra á móta aðila.

2. 2511579 - Beiðni um lóðaskipti, Jötnahella 11 fyrir Straumhella 34

5.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 27.nóvember sl.

Tekin fyrir beiðni um skipti á lóðum.

Bæjarráð samþykkir erindið. Vísað til bæjarstjórnar til staðfestingar.

3. 2103116 - Hraun vestur, aðalskipulag breyting

3.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 27.nóvember sl.

Bæjarráð Hafnarfjarðar, í umboði bæjarstjórnar, samþykkti á fundi sínum þann 10.7.2025 að auglýsa tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar í samræmi við 1.mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna breytinga á aðalskipulagi Hraun vesturs. Tillagan var í kynningu tímabilið 7.8.-29.9.2025. Lögð fram samantekt athugasemda og svör. Lögð fram uppfærð tillaga.

Skipulags- og byggingarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja uppfærða tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar.

4. 23031026 - Skipulagsmál - nýbyggingarsvæði

Útvíkkun vaxtarmarkna og aukið framboð fjölbreytts húsnæðis

Fulltrúar Samfylkingarinnar óska eftir málinu á dagskrá og leggja fram eftirfarandi tillögu ásamt greinargerð:

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að setja á stofn fimm manna starfshóp kjörinna fulltrúa. Starfshópurinn njóti stuðnings sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs og skipulagsfulltrúa Hafnarfjarðarbæjar. Verkefni starfshópsins er að meta tækifæri til íbúðauppbýggingar á nýjum byggingarsvæðum sem verða til með útvíkkun vaxtarmarkanna m.t.t. fjölbreytts framboðs íbúðarhúsnæðis í Hafnarfirði. Einkum verður horft til þess að hraða uppbyggingu íbúða og skapa hagkvæmari valkosti fyrir ungt fólk og fjölskyldur. Starfshópurinn skoði samstarf við óhagnaðardröfn leigufélög, eins og félög um stúdentaíbúðir, byggingarfélag eldri borgara sem og við félög á borð við Bjarg, Búseta og Búmenn. Hópurinn skoði einnig samstarf við ríkið um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis m.a. möguleika á stofnun innviðafélags sem fjármagnar og hefur umsjón með uppbyggingu ákveðins fjölda íbúða og þar með talið uppbyggingu innviða eins og gátnagerð, leik- og grunnskóla o.fl. Þegar kemur að íbúðum fyrir eldra fólk skal hópurinn líta til niðurstöðu starfshóps um íbúðir fyrir eldra borgara sem hefur nú skilað niðurstöðum og kynnt þær í bæjarráði og fjölskylduráði. Einnig skal starfshópurinn skoða sérstaklega hvernig hægt verði að fjölga félagslegum íbúðum á vegum sveitarfélagsins á næstu árum svo hægt verði að vinna á löngum biðlistum eftir slíku húsnæði. Starfshópurinn skili áfangaskýrslu 1. maí og vinnu starfshópsins verði lokið fyrir 1. október n.k.

Greinargerð:

Á fundi skipulags- og byggingaráðs þann 30. október var tillaga Samfylkingarinnar samþykkt sem fól í sér að hefja vinnu við útvíkkun vaxtarmarkanna og að slík tillaga verði lögð fram í svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins eigi síðar en í janúar 2026. Ljóst er að vinna við útvíkkun vaxtarmarkanna getur tekið meira en tvö ár. Nauðsynlegt er að samhliða þeirri vinnu verði allar leiðir skoðaðar til þess að auka framboð fjölbreytts íbúðarhúsnæðis. Það er til staðar mikil uppsöfnuð íbúðapörf í landinu og gera áætlanir ráð fyrir að það þurfi að byggja allt að 5000 íbúðir á ári og þar af yfir 500 í Hafnarfirði. Ekki hefur dregið úr eftirspurn eftir íbúðum þrátt fyrir spár þess efnis. Á sama tíma og þörf fyrir nýjar íbúðir eykst, þá er 70% fækkun nýframkvæmda á byggingarmarkaði milli ára. Nýlega lagði ríkisstjórnin fram húsnæðisþakka þar sem áherslan er á einfaldara og skýrara regluverk sem stuðlar að hraðari uppbyggingu þar sem einnig er gert ráð fyrir fleiri almennum íbúðum, fleiri íbúðum fyrir námsmenn og öryrkja og fleiri íbúðum fyrir alla. Þá hefur verið kynnt samstarf ríkis og borgar um uppbyggingu í Úlfarsárdal með stofnun innviðafélags. Innviðauppbýgging í nýjum hverfum hefur reynst sveitarfélögum erfið hindrun þegar kemur að uppbyggingu íbúðarhúsnæðis á nýjum svæðum, en nú kemur ríkið að því. Starfshópurinn meti leiðir til að stuðla að skjótri og öruggri uppbyggingu sem taki m.a. mið af húsnæðisþakka ríkisstjórnarinnar og samstarfi við óhagnaðardröfn leigufélög.

5. 2005180 - Samgöngusáttmáli

Samgöngusáttmáli ? Borgarlína - formlegar viðræður við Betri samgöngur

Fulltrúar Samfylkingarinnar óska eftir málinu á dagskrá og leggja fram eftirfarandi tillögu ásamt greinargerð:

Bæjarstjórn samþykkir að hafnar verði formlegar viðræður við Betri samgöngur til þess að ræða hönnun og útfærslu framkvæmda vegna Samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins í Hafnarfirði hvað varðar innleiðingu borgarlínu. Í þeim viðræðum verði hugað sérstaklega að öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda í tengslum við gerð borgarlínu frá Engidal um Reykjavíkurveg að Firði. Einnig skal í viðræðunum undirbúa uppfærslu samgöngusáttmálans enda liggur fyrir að ekki er gert ráð fyrir borgarlínu í sérrými frá Firði að Suðurrhöfn og að slík breyting krefst formlegrar uppfærslu samgöngusáttmálans. Það er brýnt að eyða óvissu um þetta atriði enda mun þar rísa Tækniskóli með meira en 3 þúsund nemendum sem og ný íbúðabyggð fyrir þúsundir íbúa. Eins verði í viðræðum við Betri samgöngur unnið að því að knýja á um flýtingu einstakra framkvæmda í bænum en Hafnarfjörður er því miður aftarlega á merinni þegar kemur að framkvæmdatíma borgarlínu á höfuðborgarsvæðinu.

Greinargerð:

Þann 2. apríl sl. kom fram á vef Borgarlínunnar að stórt borgarlínuskref hefði verið tekið í Hafnarfirði. Það fólst í því að hönnun frumdraga á um 2 km löngum vegakafla í Hafnarfirði, sem tilheyrir fjórðu lotu borgarlínunnar, væri hafin. Um er að ræða vegakafla sem nær frá sveitarfélagamörkum Hafnarfjarðar og Garðabæjar við Reykjavíkurveg að verslunarkjarnanum Firði. Af þessu tilefni lagði Samfylkingin fram fyrirspurn um málið í bæjarstjórn í ágúst sl. Svör við henni voru lögð fram á fundi bæjarráðs þann 30. okt. sl. Þau sýna að undirbúningur verkefnisins er á algjöru frumstigi, enda er ekki gert ráð fyrir lokum framkvæmda fyrr en 2034, eða eftir heil átta ár. Einnig leiða svörin í ljós að það er alls ekki skýrt hvernig öryggisráðstöfunum vegna gangandi og hjólandi vegfarenda skuli háttað á þessum vegakafla. Ekki er heldur gert ráð fyrir framlengingu borgarlínu í sérrými að Suðurrhöfn en það er gríðarlega mikilvægt að óvissu um það verði eytt strax enda mun þar rísa nýr Tækniskóli með meira en 3 þúsund nemendum sem og ný íbúðabyggð fyrir þúsundir íbúa. Samfylkingin lagði svo fram tillögu á fundi bæjarstjórnar þann 5. nóv. sl. að bæjarstjórn áréttaði afstöðu sína varðandi borgarlínuna og að forsvarsmenn Betri samgangna yrðu boðaðir á fund bæjarráðs. Meirihluti Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks treysti sér ekki til að samþykkja tillöguna heldur vísaði henni til bæjarráðs. Fulltrúar Betri samgangna mættu svo á fund bæjarráðs 13.nóvember sl. að beiðni Samfylkingarinnar og staðfesti sá fundur allt það sem Samfylkingin hefur rætt um í tengslum við þetta mál. Engin formleg beiðni kom frá meirihluta bæjarstjórnar við endurskoðun og uppfærslu samgöngusáttmála á árinu 2024 varðandi þessi brýnu hagsmunamál Hafnfirðinga. Í ljósi þess endurflutti Samfylkingin tillöguna á síðasta fundi bæjarstjórnar þar sem fulltrúar meirihluta Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks treystu sér ekki til að samþykkja tillöguna heldur vísuðu henni enn og aftur til bæjarráðs.

Brýnt er að bæjarstjórn hefji formlegar viðræður við Betri samgöngur til þess að ræða hönnun og útfærslu framkvæmda vegna samgöngusáttmála í Hafnarfirði, sem í sjálfu sér er tiltölulega ódýr og einföld framkvæmd miðað við áform í öðrum sveitarfélögum. Það er brýnt í ljósi þess að fram hefur komið að ekki er gert ráð fyrir því í kostnaðaráætlun vegna Samgöngusáttmála að Borgarlína í sérrými nái að Suðurrhöfn. Einnig liggur fyrir að sú viðbót næst ekki fram samkvæmt sjónarmiðum forsvaraðila Betri samgangna nema með formlegri uppfærslu Samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins. Jafnframt þarf samtál við Betri samgöngur um útfærslu umferðaröryggis fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur sem þvera Reykjavíkurveg frá Flatahrauni að Engidal. Enn fremur þarf að ræða um útfærslu á stuttum kafla leiðarinnar.

Ljóst er að nú þegar þarf að hefja formlegar viðræður við Betri samgöngur og knýja á um ofangreindar áherslur Hafnarfjarðar og fleiri mikilvæg atriði í þeim

efnum. Eins væri lag að knýja á um flýtingu framkvæmda, en Hafnarfjörður er afar aftarlega á merinni þegar kemur að framkvæmdatíma Borgarlínu á höfuðborgarsvæðinu. En nú er framkvæmdin á hönnunarstigi og þá verður bæjarstjórn að tala skýrt. Það hefur vantað á umliðnum árum eins og staðan ber með sér. Þess skal getið að önnur tillaga af svipuðu tagi er lögð fram af Samfylkingunni um vegamálin og samgöngusáttmálann, þar sem áhersla er á nauðsynlegar vegabætur á Reykjanesbraut frá Lækjargötu og fram hjá Kaplakrika og einnig nauðsynlegar endurbætur á Flóttamannavegi/Ofanbyggðarvegi.

6. 2005180 - Samgöngusáttmáli

Samgöngusáttmáli ? Reykjanesbraut ? Flóttamannavegur

Fulltrúar Samfylkingarinnar óska eftir málinu á dagskrá og leggja fram eftirfarandi tillögu ásamt greinargerð:

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að ráðist verði í formlegar viðræður við Betri samgöngur og Vegagerðina um flýtiframkvæmdir vegna Reykjanesbrautar frá Lækjargötu að Kaplakrika vegna viðvarandi umferðarteppu á þessu svæði. Ljóst er að til sértækra aðgerða þarf að grípa í ljósi þess að varanlegri endurbótum á þessum kafla verður ekki lokið fyrr en að 10 árum liðnum samkvæmt ákvæðum Samgöngusáttmála ríkis og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Þá verði einnig í þessu samhengi skoðaðar styrkingar og vegabætur á Flóttamannavegi, sem myndu nýtast á framkvæmdatíma við gerð stokks/jarðgangna á Reykjanesbrautinni skv. áætlun samgöngusáttmálans. Ljóst er að Vegagerðin hefur gert frumhönnun að endurbættum Flóttamannavegi og eru bundnar vonir við að sú framkvæmd fái brautargengi í væntanlegri samgönguáætlun. Gert er ráð fyrir 260 milljónum króna framlagi Hafnarfjarðarbæjar á komandi fjárhagsári til sáttmálans. Samkvæmt sáttmálanum eru 200 milljónir fráteknar til undirbúnings/framkvæmda á árinu 2026, sama upphæð og á yfirstandandi ári. Ennfremur 200 milljónum vegna ársins 2027 og svo 1 milljarði króna vegna ársins 2028 og 2,6 milljörðum vegna ársins 2029. Í því ljósi er raunhæft og nauðsynlegt að grípa hið fyrsta til vegabóta á svæðinu og bregðast strax við viðvarandi umferðarvanda, enda þótt aðalframkvæmdin muni ekki eiga sér stað fyrr en á árunum 2030 - 2033 eða um 15 milljarðar samkvæmt ákvæðum sáttmálans.

Greinargerð:

Tillagan skýrir sig sjálf, enda ítarleg og tekur á þeim mikla umferðarvanda sem við er að eiga á þessum kafla Reykjanesbrautar; frá hringtorgi við Lækjargötu að Kaplakrika. Fyrir liggur að langþráðar vegabætur á þessum kafla Reykjanesbrautar eru afar brýnar, en hafa verið færðar aftur í tíma í nýlega endurnýjuðum Samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins. Því er ljóst að grípa þarf til flýtiaðgerða/bráðabirgðaaðgerða á meðan varanlegri lausn er undirbúin og síðan framkvæmd. Hafnarfjarðarbær greiðir strax á næsta ári um 260 milljónir króna (248 milljónir á árinu 2025) til verkefnisins skv. ákvæðum sáttmálans og síðan áfram næstu árin. Það er bæði sanngjarnt og skynsamlegt að nýta fjármuni strax á næsta ári til að byggja í hagin og enn fremur til að léttu strax á umferðarpunga á þessum kafla. Ljóst er að á aðal framkvæmdatíma við samgöngubæturnar er einasta hjáleik um Flóttamannavegin. Styrking hans gæti til lengri tíma verið upphaf að gerð ofanbyggðarvegna, frá Hafnarfirði og í gegnum efri byggðir Garðabæjar, Kópavogs og Reykjavíkur, sem vantar alfarið í annars ítarlegan verkefnalista

samgöngusáttmálans. Þessi ítrekaða tillaga Samfylkingarinnar var felld á síðasta ári af meirihlutanum og sama má segja um aðrar tillögur Samfylkingarinnar í þessum málum. Hins vegar er ljóst að dropinn holar steinninn og viðhorfsbreytingar hafa átt sér stað af hálfu meirihlutans, því nýlegar blaðagreinar bæjarstjóra og oddvita Framsóknarflokksins, Valdimars Víðissonar og Kristínar Thoroddsen bæjarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins eru efnislega samhljóða ítrekuðum áherslum Samfylkingarinnar í málinu og þeirri tillögu sem hér er lögð fram til afgreiðslu. Í því ljósi má vænta þess að um hana verði nú almenn samstaða. Þá skal þess getið að Samfylkingin mun einnig leggja fram tillögu við afgreiðslu fjárhagsáætlunar, þar sem frá er tekið fjármagn, 60 milljónir króna til að ráðast í umferðarbætur á nærliggjandi vegum bæjarins, sem liggja nærri og að Reykjanesbraut og Flóttamannavegi og einnig varðandi framlengingu borgarlínu frá miðbæ að Suðurhöfninni. Þannig sýnir bærinn vilja sinn í verki til að ýta þessum mikilvægu verkefnum áfram í tíma.

7. 2409735 - Málefni barna - og ungmenna í Hafnarfirði

Börn og ungmenni ? fyrirkomulag frístundamála ? heildarstefnumótun

Fulltrúar Samfylkingarinnar óska eftir málinu á dagskrá og leggja fram eftirfarandi tillögu ásamt greinargerð:

Bæjarstjórn samþykkir að setja á fót starfshóp fimm kjörinna fulltrúa sem hafi það hlutverk að móta heildarstefnu bæjarfélagsins í frístundamálum. Vinna starfshópsins taki til starfsemi ungmennahúsa, félagsmiðstöðva, félagsstarfs og tómstundamála. Einnig verði litið til stoðþjónustu á vegum bæjarfélagsins, atvinnumála ungmenna og nýsköpunar meðal barna og ungmenna. Skoðað verði hvort ástæða sé til að setja á laggirnar sérstaka miðstöð frístundamála sem hafi yfirumsjón með málaflokknum til þess að styrkja utanumhald hans hjá bænum. Starfshópurinn skal leggja mat á það hver leiðarljósin og markmið starfseminnar eigi að vera til framtíðar. Einnig skal hópurinn skoða sérstaklega hvernig hægt að sé auka þátttöku barna og ungmenna af erlendum uppruna í hvers kyns frístundastarfi.

Fræðsluráð setji starfshópnum erindisbréf og skipi hann. Með starfshópnum starfi sviðsstjóri mennta- og lýðheilsusviðs og íþrótt- og tómstundafulltrúi. Hópurinn skal í vinnu sinni leita fanga hjá fagfólki og fræðimönnum í málaflokknum sem og að kalla eftir sjónarmiðum frjálsra félagasamtaka í bænum þar sem börn og ungmenni stunda frístundir. Niðurstöður hópsins skulu leggja fyrir í lok mars nk.

Greinargerð:

Frístundamál barna og ungmenna skipta grundvallarmáli í nútímasamfélagi og mörg börn og ungmenni eiga athvarf í skipulögðu frístundastarfi. Hafnarfjörður hefur lengið skipað sér í fremstu röð þegar kemur að frístundamálum barna og ungmenna og nægir í þeim efnum að nefna frístundastyrkinn sem komið var á árið 2002. Honum er einmitt ætlað að styrkja við þátttöku barna og ungmenna í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi þannig að öll börn og ungmenni geti stundað frístundir óháð efnahag. En það skiptir líka máli að öll börn og ungmenni geti fundið eitthvað sitt hæfi í þeirri frístundaflóru sem í boði er í bænum. Í þeim efnum skiptir starfsemi ungmennahúsa og félagsmiðstöðva grundvallarmáli og mikilvægt er að efla þá starfsemi eins og kostur er til þess að taka sérstaklega utan um þann hóp sem ekki finnur sig í öðru skipulögðu frístundastarfi. Í þessu samhengi er einnig brýnt að skoða starfsemi frjálsra félagasamtaka í bænum þar sem börn og ungmenni stunda frístundir eins og

hjá íþróttafélögum, skátum, björgunarsveit, kirkjunni o.s.frv. og leita eftir sjónarmiðum þeirra í vinnu starfshópsins. Meðal þess sem starfshópnum er ætlað að skoða er hvort stofnun sérstakrar miðstöðvar frístundamála sé líkleg til að geta unnið að samræmingu þessarar þjónustu við börn og ungmenni sem er í dag á víð og dreif um stjórnkerfið. Einnig er mikilvægt að starfshópurinn skoði hvort slík miðstöð geti stuðlað að betri heildaryfirsýn yfir málaflokkinn og gert stefnu og framkvæmd hennar markvissari. Meginmarkmiðið með vinnu starfshópsins er að móta heildarstefnu í málaflokknum sem stuðlar að heildstæðri, skilvirkri og sveigjanlegri þjónustu fyrir börn og ungmenni í Hafnarfirði í frístundamálum.

8. 18129524 - Starfshópur um forvarnir

Starfshópur um forvarnir - endurskoðun forvarnarstefnu Hafnarfjarðar

Fulltrúar Samfylkingarinnar óska eftir málinu á dagskrá og leggja fram eftirfarandi tillögu ásamt greinargerð:

Bæjarstjórn samþykkir að fela fræðsluráði endurskoðun forvarnarstefnu Hafnarfjarðar. Endurskoðun fræðsluráðs skal lokið fyrir lokið í mars á næsta ári þannig að hægt verði að leggja nýja stefnu fram til afgreiðslu bæjarstjórnar í apríl 2026.

Greinargerð:

Núverandi forvarnarstefna Hafnarfjarðar var samþykkt árið 2008 og er því orðin 17 ára gömul. Því má með nokkurri vissu segja að hún þarfnist endurskoðunar. Enda var starfandi á síðasta kjörtímabili starfshópur um forvarnir. Eitt af því sem starfshópurinn lagði til og forgangsraðaði fremst í sínum tillögum var að endurskoða forvarnarstefnu bæjarins enda sé það mikilvægt að Hafnarfjörður hafi markvissa og sýnilega stefnu í forvarnaráherslum sínum. Í skýrslu starfshóps um forvarnir frá 2019 kom fram að núverandi forvarnarstefna bæjarins væri frá árinu 2008, væri verkefnamiðuð og úr sér gengin. Fulltrúi foreldraráðs í fræðsluráði lagði svo til á fundi ráðsins í apríl 2020 að farið yrði í endurskoðun forvarnarstefnunnar. Tillagan hlaut enga afgreiðslu af hálfu fræðsluráðs.

Samþykktar stefnur sveitarfélagsins mega ekki vera dauð plögg og í jafn mikilvægum málaflokki og forvarnarmálum gengur ekki að samþykkja stefnu og láta hana duga til mjög langrar framtíðar án þess að uppfæra hana. Það var enda niðurstaða starfshóps um forvarnir, sem skilaði af sér niðurstöðum árið 2019, að nauðsynlegt væri að endurskoða forvarnarstefnu sveitarfélagsins. Við því var ekki brugðist á sínum tíma, hvorki þegar skýrslan var kynnt í fræðsluráði né þegar fulltrúi foreldraráðs lagði til að farið yrði af stað í þessa vinnu. Síðan eru liðin 6 ár til viðbótar og því er orðið enn brýnna að forvarnarstefnan verði endurskoðuð.

9. 2412667 - Aðgengi fólks með fötlun að almennum vinnumarkaði

Aðgengi fólks með fötlun að almennum vinnumarkaði

Fulltrúar Samfylkingarinnar óska eftir málinu á dagskrá og leggja fram eftirfarandi tillögu ásamt greinargerð:

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að fela fjölskylduráði að móta leiðir, í samstarfi við atvinnulífið í bænum, til þess að styðja við fyrirtæki í bæjarfélaginu til þess að auka aðgengi og ýta undir atvinnupátttöku fólks með fötlun á almennum vinnumarkaði.

Greinargerð:

Atvinnuþátttaka fólks með fötlun er mikilvægt jafnréttismál og almennur vinnumarkaður er ekki nógu aðgengilegur fötluðu fólki. Fyrir liggur að slæmt aðgengi í atvinnuhúsnæði dregur úr þátttöku fólks með fötlun á almennum vinnumarkaði. Úr því þarf að bæta. Því er vert að skoða hvort styðja skuli fyrirtæki til breytinga á atvinnuhúsnæði.

Fólk með fötlun er ólíklegra til að vera ráðið til starfa en ófatlað fólk og því standa ekki nægjanlega fjölbreytt störf til boða. Í 27. grein samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sem Alþingi að frumkvæði ríkisstjórnar Krístrúnar Frostadóttur hefur nú lögfest, er því lýst hvernig fólk á rétt til vinnu án aðgreiningar. Af þessum sökum verða stjórnvöld að leita leiða til þess að auka atvinnuþátttöku fatlaðs fólks og þar hefur Hafnarfjörður sem þriðja stærsta sveitarfélag landsins mikilvægu hlutverki að gegna. Þess vegna er brýnt að setja þessi mál í markvissan farveg innan stjórnsýslu sveitarfélagsins.

10. 2512007 - Starfshópur um miðbæ Hafnarfjarðar

Starfshópur um miðbæ Hafnarfjarðar

Fulltrúar Samfylkingarinnar óska eftir málinu á dagskrá og leggja fram eftirfarandi tillögu ásamt greinargerð:

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að setja á stofn fjögurra manna starfshóps kjörinna fulltrúa auk eins fulltrúa frá íbúum miðbæjarins og eins fulltrúa rekstraraðila þjónustuhúsnæðis í miðbænum. Starfshópurinn njóti stuðnings og þjónustu sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs og skipulagsfulltrúa Hafnarfjarðarbæjar. Verkefni hópsins er að móta framtíðarstefnu fyrir miðbæ Hafnarfjarðar. Hópurinn skoði lausnir er varðar bílastæði og þá m.a. í bílastæðahúsi eða neðanjarðar, þannig að rými skapist til uppbyggingar og þá hvernig megi efla þjónustu, verslun ásamt uppbyggingu íbúða og styðja við menningarviðburði. Einnig verði horft til tengingar miðbæjarins við önnur hverfi og þá uppbyggingu sem hefst vonandi á næstu misserum á Flensborgarhöfn og Óseyrarsvæði. Í vinnu hópsins verði haft í huga að vernda einkenni miðbæjar Hafnarfjarðar sem er annar af sögulegum miðbæjum höfuðborgarsvæðisins. Starfshópurinn skili áfangaskýrslu og tillögum um verkefnið eigi síðar en 1. mars nk. og vinnu starfshópsins verði lokið fyrir 1. maí nk. Á starfstímanum verði boðað til vinnufundar með íbúum og öðrum hagaðilum þar sem kallað verður eftir sjónarmiðum og hugmyndum íbúa, eigendum verslunar og þjónusturýma, rekstraraðilum og öðrum þeim sem hagsmuna eiga að gæta. Skýrsla starfshópsins verði grundvöllur að vinnu við endurskoðun deiliskipulags miðbæjarins.

Greinargerð:

Á þessu og síðasta kjörtímabili hefur endurskoðun miðbæjar Hafnarfjarðar komið alloft til umræðu í skipulags- og byggingaráði. Þann 26. apríl 2022 var samþykkt á fundi í skipulags- og byggingaráði að hefja vinnu við endurskoðun deiliskipulags miðbæjarins, en ekkert hefur gerst. Síðast var málið til umfjöllunar 19. mars, 2025 og þar var samþykkt að óska eftir samantekt á stöðu mála, en ekkert hefur gerst. Nú þarf að láta verkin tala og vinna hratt og vel að því að móta framtíð miðbæjar Hafnarfjarðar, sem hefur mikið aðdráttarafl og þar liggja mikil tækifæri að gera enn betur. Miðbærinn er hjarta Hafnarfjarðar og nauðsynlegt að þar megi byggja upp öflugan miðbæ iðandi af mannlíf með fjölbreyttri þjónustu, atvinnu- og menningarlífi. Niðurstaða starfshóps um miðbæinn, sem skilaði lokaskýrslu árið 2021, var að við endurskoðun og áframhaldandi vinnu er varðar miðbæinn sé lykilatriði að hann fái að þróast, að

hann geti mætt þörfum samfélagsins hverju sinn og að sett verði fram skýr framtíðarsýn sem veitir heildarmynd og yfirsýn yfir næstu mögulegu vaxtarskeið Hafnarfjarðarbæjar. Raunin er hins vegar sú að bútasæumurinn heldur áfram og enginn árangur hefur náðst. Skipulag miðbæjarins er frá árinu 2001 og það er löngu kominn tími á endurskoðun þess sbr. niðurstöðu starfshópsins fyrir fimm árum síðan og því er þessi tillaga lögð fram. Lagt er til að hún verði unnin í samvinnu við íbúa og aðra hagaðila og haldinn verði íbúafundur. Skýrsla starfshópsins verði þannig grundvöllur að vinnu við endurskoðun deiliskipulags miðbæjar Hafnarfjarðar.

11. 2512008 - Starfshópur um samgöngumiðstöð á Tjarnarvöllum

Starfshópur um samgöngumiðstöð á Tjarnarvöllum

Fulltrúar Samfylkingarinnar óska eftir málinu á dagskrá og leggja fram eftirfarandi tillögu ásamt greinargerð:

Bæjarstjórn samþykkir að setja á stofn á stofn fjögurra manna starfshóp kjörinna fulltrúa ásamt fulltrúa lóðarhafa og íbúa til að vinna þróunaráætlun fyrir samgöngumiðstöð á Tjarnarvöllum. Starfshópurinn njóti stuðnings og þjónustu skipulagsfulltrúa umhverfis- og skipulagssviðs. Verkefni hópsins er að móta áætlun fyrir samgöngumiðstöð á Tjarnarvöllum í samstarfi við lóðarhafa og aðra hagaðila og jafnframt koma með tillögum fyrir vinnu við deiliskipulag svæðisins. Meðan á vinnu starfshópsins stendur verður boðið upp á kynningar- og vinnufundi með íbúum og hagaðilum. Starfshópurinn skili áfangaskýrslu og tillögum um verkefnið fyrir 1. apríl nk. og vinnu starfshópsins verði lokið 1. júní.

Greinargerð:

Í vinnslutillögu aðalskipulags Hafnarfjarðar 2025-2040 er gert ráð fyrir samgöngumiðstöð á Tjarnarvöllum og möguleika fyrir lestarstöð auk uppbyggingar þéttrar og blandaðrar byggðar verslunar- og þjónustustarfsemi, stjórnsýslu, skrifstofum og hótelfarfsemi. Þá er gert ráð fyrir að almenningsrými milli bygginga verði sérstaklega vandað. Hugmyndin er að samgöngumiðstöðin verði tenging hágæða almenningsgangna milli Keflavíkurflugvallar og höfuðborgarsvæðisins. Það er gert með flugrútu/fluglest með góðri tengingu við strætó, borgarlínu, bílastæði, hjóla- og göngustíga og stofnbrautir. Slík samgöngumiðstöð myndi jafnframt styðja við þjónustu, verslun, skrifstofur, íbúðabyggð og búa þannig til nýtt og spennandi hverfi í bænum sem hefur um langt skeið verið vannýtt og margar lóðir eru enn óbyggðar. Mikilvægt er að bærinn grípi tækifærið og hefji þessa vinnu sem fyrst þannig að hún verði hluti af þeirri vinnu sem er í gangi varðandi borgarlínu og tengingar höfuðborgarsvæðis við Keflavíkurflugvöll.

12. 2512009 - Starfshópur um framtíð hafnarmála

Starfshópur um framtíð hafnarmála.

Fulltrúar Samfylkingarinnar óska eftir málinu á dagskrá og leggja fram eftirfarandi tillögu ásamt greinargerð:

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að stofna fimm manna starfshóp kjörinna fulltrúa. Starfshópurinn njóti stuðnings skipulagsfulltrúa Hafnarfjarðarbæjar og hafnarstjóra. Verkefni starfshópsins er að móta stefnu til framtíðar um hafnarmál í Hafnarfirði og aðgerðaráætlun. Starfshópurinn meti tækifæri til

uppbyggingar, stækkunar, flutningsleiða og breytinga á þjónustu hafnarinnar og þjónustu við skemmtiferðaskip og móttöku ferðamanna. Einnig taki hann til skoðunar vegtengingar, samgöngu- og umferðarmál og þungaflutninga. Starfshópurinn skili áfangaskýrslu 1. apríl og vinnu starfshópsins verði lokið fyrir 1. september n.k.

Greinargerð:

Tvær hafnir eru nú í Hafnarfirði: Straumsvíkurhöfn og Suðurhöfn. Samkvæmt vinnslutillögu aðalskipulags er gert ráð fyrir að stækkun Straumsvíkurhafnar og einnig er gert ráð fyrir breytingum í Flensborgarhöfn og nýrri Hamarshöfn. Þetta mun óhjákvæmilega hafa áhrif á skipakomur og þjónustu hafnarinnar. Með uppbyggingu Flensborgarhafnar er miðbærinn að teygja sig í átt að höfninni. Undanfarin ár hefur ásókn í að uppbyggingu íbúðarhúsnæðis við Suðurhöfn aukist, t.d. á Óseyrarsvæði og við Fornubúðir og einnig stofnana s.s. nýs tækniskóla. Mikilvægt er að starfshópurinn fjalli um þær breytingar og um leið framtíð Suðrhafnar m.a. með tilliti til atvinnu, þjónustu við skip, geymslu vöru og hafnaraðstöðu og samspils blandaðrar byggðar.

13. 2512010 - Símenntun og íslenskukennsla

Símenntun og íslenskukennsla

Fulltrúar Samfylkingarinnar óska eftir málinu á dagskrá og leggja fram eftirfarandi tillögu ásamt greinargerð:

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að fela fræðsluráði undirbúning að átaki hvað varðar símenntun og íslenskukennslu fyrir allan aldur. Frá því að Námsflokkar Hafnarfjarðar voru lagðir niður hefur vantað skýra stefnumörkun og einnig þjónustu á þessu sviði, þrátt fyrir eftirspurn eftir slíku. Fræðsluráð láti taka saman minnisblað um málið, þar sem byggt er á fyrri reynslu af Námsflokkum Hafnarfjarðar og einnig tekið mið af slíkri þjónustu í nágrannabyggðarlögðum, svo sem í Reykjavík og hjá Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum. Sérstaklega skal skoðað samstarf við atvinnulífið í þessu sambandi. Fræðsluráð ljúki þessari samantekt fyrir 1. apríl næstkomandi og skili til bæjarstjórnar.

Greinargerð:

Tillagan skýrir sig sjálf. En þess má geta að með stóruknum fjölda innflytjenda til Íslands hefur þörfin eftir skipulagðri íslenskukennslu farið ört vaxandi. Þeirri þörf þarf að mæta til að flýta inngildingu og aðlögun fólks af erlendu bergi brotið. Íslenskukennsla er þar lykilatriði. Í tillögunni er sérstaklega vísað til reynslu Suðurnesjamanna í þessum efnum, en þar hefur m.a. tekist gott samstarf við atvinnulífið á svæðinu varðandi þessi mál. Það er til eftirbreytni. Þess utan er nauðsynlegt í meira en 30 þúsund manna sveitarfélagi að skipuleg og virk fullorðinsfræðsla verði aðgengileg fyrir bæjarbúa, eins og var þegar Námsflokkar Hafnarfjarðar voru hvað öflugastir hér á árum áður.

Fundargerðir

14. 2501140 - Fundargerðir 2025, til kynningar í bæjarstjórn

Fundargerð fræðsluráðs frá 26.nóvember sl.

a. Fundargerð íþrótt- og tómstundanevndar frá 17.nóvember sl.

Fundargerð fjölskylduráðs frá 25.nóvember sl.
Fundargerð bæjarráðs frá 27.nóvember sl.
a. Fundargerð hafnarstjórnar frá 12.nóvember sl.
b. Fundargerð menningar- og ferðamálanefndar frá 19.nóvember sl.
Fundargerðir skipulags- og byggingaráðs frá 25. og 27.nóvember sl.
Fundargerð umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 21.nóvember sl.
Fundargerð forsetanefndar frá 1.desember sl.

Áætlanir og ársreikningar

15. 2502769 - Fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarkaupstaðar og fyrirtækja hans 2026 og 2027-2029, síðari umræða.

3.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 27.nóvember sl.
Lögð fram fjárhagsáætlun 2026 til síðari umræðu í bæjarstjórn ásamt gjaldskrá.
Helga Benediktsdóttir sviðsstjóri fjármálsviðs mætir til fundarins.

Fjárhagsáætlun eins og hún liggur fyrir ásamt gjaldskrá er vísað til síðari umræðu í bæjarstjórn.

1. liður úr fundargerð bæjarráðs frá 30. október sl.

Lögð fram fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarkaupstaðar og fyrirtækja hans fyrir 2026 og langtímaáætlun 2027-2029. Helga Benediktsdóttir sviðsstjóri fjármálasviðs og Guðmundur Sverrisson rekstrarstjóri hagdeildar mæta til fundarins.

Fjárhagsáætlun 2026 og langtímaáætlun 2026 - 2029 er vísað til fyrri umræðu í bæjarstjórn.

5. liður úr fundargerð fjölskylduráðs frá 11.nóvember sl.
Lögð fram bókun bæjarstjórnar.

Meirihluti fjölskylduráðs ítrekar að vinna við fjölgun hjúkrunarrýma í Hafnarfirði er í vinnslu. Í dag eru tvær lóðir tilbúnar til uppbyggingar, annars vegar í Hamranesi og hins vegar hjá Hrafnistu þar sem hægt er að ráðast í uppbyggingu um leið og ákvörðun liggur fyrir hjá ríkinu. Bæjarstjóri og starfsfólk Hafnarfjarðarbæjar hefur verið í reglulegum samskiptum við ríkið og uppbyggingaraðila til að koma málinu áfram. Það stendur ekki á bænum að hefja uppbyggingu. Allar forsendur af hálfu sveitarfélagsins eru fyrir hendi.

Nú skiptir máli er að ríkisvaldið stígi næsta skref og ljúki málinu þannig að framkvæmdir geti hafist. Meirihlutinn leggur áherslu á að ferlið er hvorki á byrjunarreit né á hugmyndastigi heldur tilbúið til framkvæmda um leið og samþykki liggur fyrir.

Meirihluti fjölskylduráðs tekur undir mikilvægi þess að efla atvinnuþátttöku fatlaðs fólks og ítrekar að Hafnarfjarðarbær hefur þegar tekið í markviss skref til að styrkja þann málaflokk. Með nýrri Miðstöð um vinnu og virkni hefur þjónusta verið samhæfð og eflað þannig að fatlað fólk fær nú betri stuðning, ráðgjöf og tækifæri til atvinnuþátttöku.

Meirihlutinn mun áfram leggja áherslu á að skapa raunhæf, fjölbreytt og einstaklingsmiðuð vinnu og virkni úrræði fyrir fatlað fólk.

Að lokum óskar meirihlutinn eftir upplýsingum frá sviðsstjóra um þá vinnu sem er í gangi á sviðinu varðandi innleiðingu og notkun velferðartækni hjá eldra fólki.

Samfylkingin fagnar því að meirihluti Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks hafi lagt til í fyrri umræðu um fjárhagsáætlun að Hafnarfjörður taki þátt í uppbyggingu vettvangs- og ráðgjafarteymis í málefnum heimilislausra, annað hvort í samstarfi við sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu eða með því að sameinast því teymi sem starfar hjá Reykjavíkurborg. Hér er um að ræða mál sem fulltrúar Samfylkingarinnar í fjölskylduráði og bæjarstjórn hafa lengi talað fyrir og lagt fram tillögur í þá veru og því fögnum við þessari tillögu fulltrúa Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks og styðjum hana heilshugar.

Bókun meirihlutans á fundinum í dag leiðir svo í ljós að mikilvægt er að tillögur Samfylkingarinnar um fjölgun hjúkrunarrýma og nýja heilsugæslu verði samþykktar.

1.liður úr fundargerð umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 21.nóvember sl. Fjárfestingaráætlun tekin til umræðu. Lögð fram svör við bókun bæjarstjórnar. Lögð fram tillaga að gjaldskrá bílastæðasjóðs vegna stöðubrota.

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir að vísa fjárfestingaráætlun 2026-2029 til afgreiðslu bæjarráðs.

Fulltrúar Samfylkingarinnar bóka:

Fjárfestingaráætlun bæjarins þarfnast lagfæringar og endurbóta, sem m.a. munu koma fram í breytingartillögum bæjarfulltrúa Samfylkingarinnar við síðari umræðu fjárhagsáætlunar 3. desember næstkomandi. Ljóst er til dæmis, að framlög til gatnagerðar á Hrauni vestur eru nánast engin, framlög til útisundlaugar og -svæðis við Ásvallalaug, miðstöð frístunda í Hamranesi eru afar lág og sömu sögu má segja varðandi fjármagn til stækkunar Tónlistarskóla Hafnarfjarfjarðar sem allt er í raun alger sýndarframlög og ljóst að þau mál virðast á fullkomnu frumstigi. Þá þarf að ganga frá samningi vegna þjónustu við Garðabæ hvað varðar frárennslismál, þar sem Garðabær greiði sanngjarnt og eðlilegt gjald til Hafnarfjarðar eins og tillögur Samfylkingarinnar á undanförunum árum hafa kveðið á um. Þetta eru aðeins örfá dæmi af mörgum, þar sem þörf er á því að verkin verði látn tala og markviss uppbygging liggi fyrir um.

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir að vísa tillögu að gjaldskrá Bílastæðastjóðs vegna stöðubrota til afgreiðslu bæjarráðs.

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir að vísa tillögu um akstur strætó á álagstímum í iðnaðarhverfi í Hellnahrauni til afgreiðslu bæjarráðs. Frá og með 5. janúar verður hafinn akstur hefðbundinna strætisvagna á álagstímum, þ.e. að morgni og síðdegis frá Ásvallalaug um iðnaðarhverfi Hellnahrauns. Leiðin mun þjónusta meðal annars eftirfarandi götur: Berghellu, Steinhellu, Rauðhellu, Gjáhellu, Breiðhellu, Álfhellu, Dranghellu og Einhellu. Utan álagstíma verður áfram boðið upp á pantþjónustu, líkt og verið hefur. Verkefnið er til reynslu til 1. apríl 2026 og verður endurskoðað þá með tilliti til notkunar.

Bókanir við tillögur 12,18 (tillaga 1,2,3) sem vísað var til umhverfis- og framkvæmdaráðs við fyrri umræðu bæjarstjórnar:

12. Strandblaksvöll við Suðurbæjarlaug

Hafin verði vinna að finna staðsetningu fyrir strandblaksvöll í eða við garð Suðurbæjarlaugar. Mikilvægast er að horfa til þess að aðgengi að salerni og búningaaðstaða sé við hendi.

Suðurbæjarlaugin er einstaklega vel að því komið og góður grundvöllur fyrir því í garði sundlaugarinnar eða við sundlaugina.

Innan Suðurbæjarlaugar eru besti mögulegi kosturinn, þar eru mjög góðar aðstæður til að setja velli í garðinum á nánast ónýttu plássi og auka nýtingamöguleika sundlaugasvæðisins. Einnig eykur það öryggi, völlurinn væri þá innan girðingar á læstu svæði eftir lokunartíma. Slíkir vellir eru í Árbæjarlaug og Laugardalslaug, þar eru vellirnir vel nýttir og mjög jákvætt viðhorf gangvart þeim hjá öllum.

Til vara væri hægt að skoða svæði austan megin við sundlaugina, þar er nú þegar bæði hreysti tæki og leiksvæði. Sá kostur er sístur, aðgengi ótakmarkað og hætta á að búnaður, net og sandur verði fyrir aðkasti. Fyrirmynd slíkra valla er þó til í bæði Fagralundi í Kópavogi sem og við íþróttamiðstöðina Ásgarð í Garðabæ, með fínasta móti.

Bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks og Framsóknar í umhverfis og framkvæmdaráði benda á að nú þegar er góður strandblaksvöllur á Víðistaðatúni sem nýtist vel, en tekur engu að síður jákvætt í hugmyndir um að fjölga möguleikum til iðkunar íþróttarinnar í Hafnarfirði.

Hvað varðar tillögu um staðsetningu innan garðs Suðurbæjarlaugar þarf þó að líta til rekstraröryggis laugarinnar. Reynslan úr öðrum sveitarfélögum hefur sýnt að sandur af völlum innan sundlaugargarða berst auðveldlega í kerfi lauganna, sem veldur álagi og skemmdum á viðkvæmum hreinsibúnaði. Upplýsingar frá rekstaraðilum sundlauga sem hafa reynt slíkt benda til þess að sú sambúð hafi ekki gefið góða raun til lengdar.

Ráðið vill því skoða aðra kosti til að mæta áhuga á íþróttinni. Lagt er til að umhverfis- og skipulagssviði verði falið að ræða við Knattspyrnufélagið Hauka um möguleika á uppsetningu strandblakvallar á svæði félagsins á Ásvöllum. Þar væri hægt að tryggja aðgang að búninga- og sturtum, án þess að stofna rekstri sundlauga í hættu.“

18. Umhverfis og framkvæmdaráð

Tillaga 1

Heildstæð áætlun um vistvæn viðhald og orkunýtingu eigna bæjarins Hafnarfjarðarbær hefur á undanförunum árum unnið að viðhaldi og endurbótum á fasteignum bæjarins, einkum leik- og grunnskólum. Til að tryggja að sú vinna skili sem mestri orkusparnaði og hagkvæmni til framtíðar er mikilvægt að samþætta þessi verkefni í eina heildstæða áætlun sem sameinar viðhald, orkunýtingu og sjálfbærni.

Með því að samþætta og greina verkefni sem þegar eru í vinnslu verður unnt að tryggja betri nýtingu fjármagns, draga úr sóun og skapa mælanlegan ávinning fyrir bæði bæ og íbúa. Verkefnið byggir á grunni fyrri viðhald átaka en gefur þeim nýjan stefnumarkandi ramma.

Viðreisn leggur til að Hafnarfjarðarbær móti heildstæða áætlun fyrir árin 2026-2030 um vistvænt viðhald og orkunýtingu fasteigna bæjarins.

Áætlunin taki mið af þeim verkefnum sem þegar eru í gangi, en samræmi forgangsroðun, árangursmælingar og kostnaðargreiningu þannig að

orkunotkun, rekstrarkostnaður og viðhald nýtist sem best.

Bókun:

Meirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknar tekur undir mikilvægi þess að viðhald fasteigna skili orkusparnaði og hagkvæmni. Sú vinna er þegar hafin og er í föstum farvegi hjá Hafnarfjarðarbæ.

Í uppfærðri umhverfis- og auðlindastefnu bæjarins kemur fram að Hafnarfjarðarbær skuli vera til fyrirmyndar í orkunýtingu og lágmörkun úrgangs. Þetta er leiðarljós í öllu viðhaldi fasteigna bæjarins í dag. Samþætting viðhaldsverkefna, orkusparnaðar og kostnaðargreiningar er nú þegar hluti af daglegum rekstri og langtímaáætlunum umhverfis- og framkvæmdasviðs. Að móta sérstaka viðbótaráætlun fyrir árin 2026-2030, eins og lagt er til, er því óþörf viðbót við stjórnsýsluna og gæti fremur tafið en flýtt fyrir þeim góða árangri sem þegar er verið að vinna að.

Að setja af stað nýja stefnumótunarvinnu eða sérstaka áætlunargerð myndi fela í sér tvíverknað, enda er markmiðum tillögunnar nú þegar fylgt eftir í yfirstandandi verkefnum.

Tillaga 2

Áætlun um græn og aðgengileg opin svæði

Viðreisn leggur til að hafinn verði vinna við áætlun sem miðar að því að samræma og forgangsraða endurnýjun, fegrun og vistvæna hönnun opinna svæða í hverfum bæjarins. Verkefnið verði unnin í samráði við íbúa, fyrirtæki og stofnanir bæjarins með áherslu á aðgengi, lýsingu, gróður, úrgang stýringu og hvíldarsvæði (bekki). Verkefnið mun taka mið af þeim framkvæmdum sem þegar eru í undirbúningi, en veiti þeim skýran ramma og langtímasýn með það að markmiði að styðja áfram við lýðheilsu og lífsgæði íbúa.

Bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks og Framsóknar leggja áherslu á að Hafnarfjörður er heilsueflandi samfélag og vísar til gildandi Heildarstefnumótunar og Umhverfis- og auðlindastefnu bæjarins. Þar er skýrt kveðið á um mikilvægi grænna svæða, útivistar og aðgengis fyrir alla.

Í daglegum rekstri bæjarins er unnið markvisst að þessum markmiðum. Liðir í fjárhagsáætlun sem snúa að minni framkvæmdum og viðhaldi eru nýttir til að uppfæra hverfin jafnt og þétt, hvort sem um er að ræða betri lýsingu, gróðursetningu eða uppsetningu hvíldarsvæða. Sérstök ný áætlun myndi ekki breyta þeirri forgangs röðun sem þegar liggur fyrir í stefnum bæjarins og fjárhagsáætlun.

Tillaga 3

Sameiginleg mótun stefnu um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja og stofnana í Hafnarfirði

Atvinnulífið í Hafnarfirði gegnir mikilvægu hlutverki í samfélaginu og sýnir í auknum mæli samfélagslega ábyrgð í rekstri sínum. Til að efla þessi jákvæðu tengsl og skapa samræmdan ramma fyrir slíkt samstarf er nauðsynlegt að bæjarfélagið, fyrirtækin og stofnanir bæjarins vinni saman að mótun sameiginlegrar stefnu um samfélagslega ábyrgð og sjálfbærni. Viðreisn leggur til að Hafnarfjarðarbær hrindi af stað verkefni þar sem mótuð verður stefna um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja og stofnana í Hafnarfirði, í beinu samstarfi við atvinnulífið, stofnanir bæjarins og hagsmunaaðila.

Markmið verkefnisins er að:

- Efla samstarf milli atvinnulífs og stofnana um sjálfbærni, samfélagslega ábyrgð og nýsköpun
- Skilgreina sameiginleg gildi, mælanleg markmið og viðmið sem endurspeglar ábyrgð gagnvart samfélaginu,
- Kortleggja verkefni og tækifæri sem styðja vistvæna og samfélagslega ábyrga starfsemi,
- Auka gagnsæi, traust og jákvæða ímynd Hafnarfjarðar um framsýni og samfélagslega ábyrgt bæjarfélag.

Verkefnið felur í sér að leiddur verði samstarfsvettvangur þar sem atvinnulíf, stofnanir og sveitarfélagið móta sameiginlega sýn á samfélagslega ábyrgð og sjálfbæra þróun. Slík vinna styrkir tengsl atvinnulífs og sveitarfélags, eykur samstöðu og skapar trúverðugleika í umhverfis- og samfélagsmálum bæjarins. Verkefnið verði unnið með aðkomu sérfræðinga á sviði samfélagslegrar ábyrgðar úr háskólaumhverfinu og í samstarfi við fyrirtæki og stofnunum bæjarins þar sem lögð verði áhersla á umhverfisjónarmið, gagnsæi, jafnrétti og mælanleg markmið.

Bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks og Framsóknar taka undir mikilvægi samfélagslegrar ábyrgðar. Hafnarfjarðarbær vinnur markvisst að því að sýna samfélagslega ábyrgð í verki í öllum sínum rekstri, í samræmi við uppfærða Umhverfis- og auðlindastefnu bæjarins. Hafnarfjarðarbær leitast við að vera fyrirmynd fyrir atvinnulífið þegar kemur að vistvænum innkaupum, orkusparnaði og jafnréttismálum.

Hafnarfjarðarbær hefur þegar markað sér skýra stefnu í samfélagslegri ábyrgð og sjálfbærni með samþykkt Heildarstefnumótunar fyrir Hafnarfjarðarbæ og uppfærða Umhverfis- og auðlindastefnu. Í þeirri vinnu var haft viðtækt samráð við íbúa og hagsmunaaðila.

Verkefnið sem lagt er til felur í sér tvíverknað við þá stefnumótun sem þegar hefur átt sér stað. Áhersla meirihlutans er lögð á aðgerðir og framkvæmd gildandi stefnu í samstarfi við atvinnulífið, fremur en að hefja nýja stefnumótunarvinnu.

1. liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 25.nóvember sl. Teknar til umræðu þær tillögur sem vísað hefur verið til ráðsins.

1. Útvíkkun vaxtamarka og framboð fjölbreytts húsnæðis

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að setja á stofn fimm manna starfshóp kjörinna fulltrúa. Starfshópurinn njóti stuðnings sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs og skipulagsfulltrúa Hafnarfjarðarbæjar. Verkefni starfshópsins er að meta tækifæri til íbúðauppbýggingu á nýjum byggingarsvæðum sem verða til með útvíkkun vaxtamarkanna. Einkum verður horft til þess að hraða uppbyggingu íbúða og skapa hagkvæmari valkosti fyrir ungt fólk og fjölskyldur. Starfshópurinn skoði samstarf við óhagnaðardrífing leigufélög, eins og félög um stúdentaíbúðir, byggingarfélag eldri borgara sem og við félög á borð við Bjarg, Búseta og Búmenn. Hópurinn skoði einnig samstarf við ríkið um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis m.a. möguleika á stofnun innviðafélags sem fjármagnar og hefur umsjón með uppbyggingu ákveðins fjölda íbúða og þar með talið

uppbyggingu innviða eins og gatnagerð, leik- og grunnskóla ofl. Þegar kemur að íbúðum fyrir eldra fólk skal hópurninn líta til niðurstöðu starfshóps um íbúðir fyrir eldra borgara sem mun skila af sér niðurstöðum á næstu vikum. Einnig skal starfshópurinn skoða sérstaklega hvernig hægt verði að fjölga félagslegum íbúðum á vegum sveitarfélagsins á næstu árum svo hægt verði að vinna á löngum biðlistum eftir slíku húsnæði. Starfshópurinn skili áfangaskýrslu 1. maí og vinnu starfshópsins verði lokið fyrir 1. október n.k.

Greinargerð:

Mikilvægt er að leita allra leiða til þess að auka framboð fjölbreytts íbúðarhúsnæðis í Hafnarfirði. Á fundi skipulags- og byggingaráðs þann 30. október síðastliðinn var samþykkt að hefja vinnu við útvíkkun vaxtamarka höfuðborgarsvæðisins samkvæmt tillögu Samfylkingarinnar í bæjarstjórn með það að markmiði að marka ný byggingarsvæði til uppbyggingar íbúðarhúsnæðis. Það er gert ráð fyrir að tillaga um slíkt liggi fyrir eigi síðar en í janúar 2026. Það er til staðar mikil uppsöfnuð íbúðapörf í landinu og gera áætlanir ráð fyrir að það þurfi að byggja allt að 5000 íbúðir á ári og þar af yfir 500 í Hafnarfirði. Ekki hefur dregið úr eftirspurn eftir íbúðum þrátt fyrir spár þess efnis. Á sama tíma og þörf fyrir nýjar íbúðir eykst, þá er 70% fækkun nýframkvæmda á byggingarmarkaði milli ára. Nýlega lagði ríkisstjórnin fram húsnæðisþakka þar sem áherslan er á einfaldara, skýrara og hraðara, einnig fleiri almennar íbúðir, fleiri íbúðir fyrir námsmenn og öryrkja og fleiri íbúðir fyrir alla. Einnig hefur verið kynnt samstarf ríkis og borgar um samstarfi í uppbyggingu í Úlfarsárdal með stofnun innviðafélags. Innviðauppbýgging í nýjum hverfum hefur reynst sveitarfélögum erfið hindrun þegar kemur að uppbyggingu íbúðarhúsnæðis á nýjum svæðum, en nú kemur ríkið að því. Starfshópurinn meti leiðir til að stuðla að skjótri og öruggri uppbyggingu sem taki m.a. mið af húsnæðisþakka ríkisstjórnarinnar og samstarfi við óhagnaðardrífín leigufélög.

Bókun meirihluta skipulags- og byggingarráðs við tillögu 1:

Öll þessi verkefni eru á borði skipulags- og byggingarráðs, framboð nýs húsnæðis í Hafnarfirði hefur verið fjölbreytt síðustu ár, fyrr alla hópa kaupenda. Hlutfallslega er meira byggt í Hafnarfirði en öðrum af stærri sveitarfélögum landsins og því ekki þörf á sérstöku átaki í Hafnarfirði. Hæsta hlutfall hlutdeildarlána hefur veitt í Hafnarfirði, félagslegum íbúðum hefur fjölgað jafnt og þétt í tíð núverandi meirihluta. Leigufélög hafa tekið verulegan þátt í uppbyggingunni. Uppbygging íbúðahverfa á vegum innviðafélags hins opinbera er gamaldags nálgun sem fæstum hugnast. Einföldun regluverks hins opinbera er verkefni ríkisstjórnarinnar sem vonandi verður að veruleika. Að öllu samanlögðu er því er ekki þörf á sérstökum starfshóp um þessi málefni.

4. Fjölgun hjúkrunarrýma í Hafnarfirði

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að fela bæjarráði að setja á fót viðræðuhóp sem hefji formlegar viðræður við alla hagaðila málsins, Sóltún, Hrafnistu og ríkisvaldið. Meginverkefni hópsins verður að móta aðgerðaáætlun um fjölgun hjúkrunarrýma í Hafnarfirði og koma verkefninu á framkvæmdastig.

Greinargerð:

Fjölgun hjúkrunarrýma er orðin löngu tímabær í Hafnarfirði og lengi hefur verið unnið að undirbúningi vegna uppbyggingar hjúkrunarheimilis á vegum Sóltúns í Hamranesi og hjá Hrafnistu. Lítið hefur þokast í þessum málum á undanförnum

árum og skemmst er að minnast þess að á kjörtímabili síðustu ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks, Framsóknar og VG bættist ekki við eitt nýtt hjúkrunarheimili. Meirihluti Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks í Hafnarfirði hefur heldur ekki staðið sig í stykkinu við að halda á lofti hagsmunum Hafnfirðinga í þessum stóra og mikilvæga málaflokki og því leggur Samfylkingin fram til þessa tillögu til þess að freista þessu að koma hreyfingu á málið og koma fjölgun hjúkrunnarrýma í Hafnarfirði af hugmyndastigi yfir á framkvæmdastig.

Bókun meirihluta skipulags- og byggingarráðs við tillögu 4:

Fjölgun hjúkrunnarrýma í Hafnarfirði er yfirvofandi og ekki hefur staðið á meirihlutanum í þeim verkefnum. Stækkun á Hrafnistu, nýtt hjúkrunarheimili í Hamranesi, hjúkrunarheimili í Vatnshlíð auk fleiri möguleika til dæmis stækkunar við Sólvang eru verkefni í vinnslu sem munu fara af stað á næstu misserum þegar ríkisvaldið stendur við sitt.

6. Starfshópur um miðbæ Hafnarfjarðar

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að setja á stofn fjögurra manna starfshóps kjörinna fulltrúa auk eins fulltrúa frá íbúum miðbæjarins og eins fulltrúa rekstraraðila þjónustuhúsnæðis í miðbænum. Starfshópurinn njóti stuðnings og þjónustu sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs og skipulagsfulltrúa Hafnarfjarðarbæjar. Verkefni hópsins er að móta framtíðarstefnu fyrir miðbæ Hafnarfjarðar. Hópurinn skoði lausnir er varðar bílastæði og þá m.a. í bílastæðahúsi eða neðanjarðar, þannig að rými skapist til uppbyggingar og þá hvernig megi efla þjónustu, verslun ásamt uppbyggingu íbúða og styðja við menningarviðburði. Einnig verði horft til tengingar miðbæjarins við önnur hverfi og þá uppbyggingu sem hefst vonandi á næstu misserum á Flensborgarhöfn og Óseyrarsvæði. Í vinnu hópsins verði haft í huga að vernda einkenni miðbæjar Hafnarfjarðar sem er annar af sögulegum miðbæjum höfuðborgarsvæðisins. Starfshópurinn skili áfangaskýrslu og tillögum um verkefnið eigi síðar en 1. mars nk. og vinnu starfshópsins verði lokið fyrir 1. maí nk. Á starfstímanum verði boðað til vinnufundar með íbúum og öðrum hagaðilum þar sem kallað verður eftir sjónarmiðum og hugmyndum íbúa, eigendum verslunar og þjónusturýma, rekstraraðilum og öðrum þeim sem hagsmuna eiga að gæta. Skýrsla starfshópsins verði grundvöllur að vinnu við endurskoðun deiliskipulags miðbæjarins.

Greinargerð:

Á þessu og síðasta kjörtímabili hefur endurskoðun miðbæjar Hafnarfjarðar komið alloft til umræðu í skipulags- og byggingaráði. Þann 26. apríl, 2022 var samþykkt á fundi í skipulags- og byggingaráði að hefja vinnu við endurskoðun deiliskipulags miðbæjarins, en ekkert hefur gerst. Síðast var málið til umfjöllunar 19. mars, 2025 og þar var samþykkt að óska eftir samantekt á stöðu mála, en ekkert hefur gerst. Nú þarf að láta verkin tala og vinna hratt og vel að því að móta framtíð miðbæjar Hafnarfjarðar, sem hefur mikið aðdráttarafl og þar liggja mikil tækifæri að gera enn betur. Miðbærinn er hjarta Hafnarfjarðar og nauðsynlegt að þar megi byggja upp öflugan miðbæ iðandi af mannlíf með fjölbreyttri þjónustu, atvinnu- og menningarlífi. Skipulag miðbæjarins er frá árinu 2001 og kominn tími á endurskoðun þess því er þessi tillaga lögð fram. Lagt er til að hún verði unnin í samvinnu við íbúa og aðra hagaðila og haldinn verði íbúafundur. Skýrsla starfshópsins verði þannig grundvöllur að vinnu við endurskoðun deiliskipulags miðbæjar Hafnarfjarðar.

Bókun meirihluta skipulags- og byggingarráðs við tillögu 6:

Mikil uppbygging er í gangi og fyrirhuguð í miðbæ Hafnarfjarðar, fjölgun bílastæða með nýju bílastæðahúsi er eitt af þeim verkefnum. Eðlilegt er að halda áfram deiliskipulagsvinnu á miðbæjarsvæðinu þegar nýtt aðalskipulag Hafnarfjarðar hefur verið samþykkt.

Meirihlutinn mun koma því verkefni á góðan rekspöl á næstu mánuðum. Ekki er þörf á sérstökum starfshóp um þessi verkefni.

11. Húsnæði leikskóla - samþætting leikskóla í hverfum bæjarins

Fulltrúi Viðreisnar leggur til að fræðsluráð Hafnarfjarðarbæjar feli fræðslusviði, í samvinnu við skipulags- og byggingarsvið, að kanna hvort mögulegt sé að hanna leikskóla eða daggæslurými sem hluta af fjölbýlishúsum, bæði þar sem þétting byggðar á sér stað og í nýjum hverfum.

Meta kosti þess að nýta jarðhæðir fjölbýlishúsa eða önnur sambærilega rými til leikskólastarfsemi.

Leggja fram tillögur að skipulags- og hönnunarleiðbeiningum sem geri ráð fyrir slíkum úrræðum við byggingu leikskóla í framtíðinni.

Við skipulag nýrra íbúðahverfa og þéttingu byggðar hefur í auknum mæli verið lögð áhersla á sjálfbærni, blandaða byggð og nærpjónustu. Leikskólar eru mikilvægur þáttur í slíku samfélagi en hingað til hefur verið hefð fyrir því að leikskólar séu staðsettir í sér húsnæði á stórum lóðum. Með því að skoða þessar leiðir þegar kemur að húsnæði leikskóla er hægt að stuðla að hagkvæmar nýtingu lands og húsnæðis í hverfum. Slík útfærsla gæti nýtt betur það húsnæði og innviði sem þegar eru til staðar, til dæmis bílastæði og viðhald, og þannig dregið úr bygginga- og rekstrarkostnaði. Efla sjálfbært skipulag byggða í Hafnarfirði og tryggja aðgengileg leikskólahúsnæði fyrir íbúa, hvort sem um er að ræða hverfum í þéttingu eða nýjum hverfum.

Bókun meirihluta skipulags- og byggingarráðs við tillögu 11:

Nú þegar er gert ráð fyrir mögulegum leikskólum á jarðhæðum fjölbýlishúsa á Hrauni vestur, kröfur um lóðastærð eru áskorun, sem þarf að mæta, við þetta fyrirkomulag.

12. Strandblaksvöll við Suðurbæjarlaug

Hafin verði vinna að finna staðsetningu fyrir strandblaksvöll í eða við garð Suðurbæjarlaugar. Mikilvægast er að horfa til þess að aðgengi að salerni og búningaaðstaða sé við hendi.

Suðurbæjarlaugin er einstaklega vel að því komið og góður grundvöllur fyrir því í garði sundlaugarinnar eða við sundlaugina.

Innan Suðurbæjarlaugar eru besta mögulegi kosturinn, þar eru mjög góðar aðstæður til að setja velli í garðinum á nánast ónýttu plássi og auka nýtingamöguleika sundlaugasvæðisins. Einnig eykur það öryggi, völlurinn væri þá innan girðingar á læstu svæði eftir lokunartíma. Slíkir vellir eru í Árbæjarlaug og Laugardalslaug, þar eru vellirnir vel nýttir og mjög jákvætt viðhorf gangvart þeim hjá öllum.

Til vara væri hægt að skoða svæði austan megin við sundlaugina, þar er nú þegar bæði hreysti tæki og leiksvæði. Sá kostur er sístur, aðgengi ótakmarkað og hætta á að búnaður, net og sandur verði fyrir aðkasti. Fyrirmynd slíkra valla

er þó til í bæði Fagralundi í Kópavogi sem og við íþróttamiðstöðina Ásgarð í Garðabæ, með finasta móti.

Bókun meirihluta skipulags- og byggingarráðs við tillögu 12:

Verkefnið tilheyrir ekki skipulags- og byggingaráði

Bókanir við tillögur sem lagðar voru fram á fundi skipulags- og byggingarráðs 13. nóvember 2025.

Vatnshlíð, vistvænt hverfi

Fulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi tillögu: Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að þegar hafin verði vinna við deiliskipulag Vatnshlíðar á árinu 2026 verði vistvænar lausnir hafðar að leiðarljósi, sjálfbærni og leiðir sem lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið. Jafnframt verði kannaðir kostir og gallar þess að allar nýframkvæmdir verði vistvænar og jafnvel vistvottaðar. Einnig að skoða ávinning af því fyrir umhverfið, samfélagið og byggingaraðila. Vatnshlíðin er í nánd við útivistarperlur í upplandi Hafnarfjarðar, óspillta náttúru og jaðri byggðarinnar og því mikilvægt að lágmarka umhverfisleg áhrif eins og kostur er. Markmið vistvænnar byggðar er að stuðla að aukinni vellíðan, betra umhverfi og bættri heilsu fólks.

Innleiðing ferla við vistvænar nýframkvæmdir og endurbætur á vegum bæjarins Fulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi tillögu: Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að hafin verði vinna við að móta ferla sem miða að því að vistvænum lausnum við nýframkvæmdir, viðhald fasteigna og á vegum bæjarins, m.a. umhverfis vottun. Markmið áætlunarinnar er finna leiðir til að draga úr umhverfisáhrifum vegna framkvæmda á vegum bæjarins og losun koltvísýrings og stuðla að sjálfbærri þróun. Áætlað er að vinnunni verði lokið eigi síðar en vorið 2026 og þá liggi fyrir áætlun um innleiðingu ferla, sem komi til framkvæmdar haustið 2026. Greinargerð: Talið er að 30-40% af heildarlosun koltvísýrings komi frá mannvirkjagerð og tæplega helmingur alls úrgangs sem myndast á Íslandi sé byggingar- og niðurrifs úrgangur. Hafnarfjörður hefur verið leiðandi á meðal sveitarfélaga að hvetja til umhverfisvottanna nýbygginga. Líklegt er að stofnkostnaður hækki við upphaf innleiðingar en samfélagskostnaður verður minni og gera má ráð fyrir að kostnaður vegna viðhalds og reksturs verði minni. Á vegum bæjarins eru árlega töluverðar framkvæmdir og því er til mikils að vinna að innleiða vistvænar lausnir.

Bókun meirihluta skipulags- og byggingarráðs:

Vistvænar lausnir eru nú þegar hluti af skipulagsvinnu bæjarins, einnig eru byggingaraðilar í síauknu mæli farnir að nota þær. Markaðurinn er á mikilli hreyfingu á átt að vistvænni byggingum og því er óþarfi á sérstökum fyrirmælum og valdboði frá yfirvöldum.

Átak í frágangi nýbyggingarsvæða

Fulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi tillögu: Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að farið verði í átak í að byggja húsnæði á lóðum sem nú þegar hefur verið úthlutað og enn eru óbyggðar. Samhliða verði setur aukinn vinna í að ljúka vinnu við gangstéttar, göngustíga, lýsingu, bifreiðastæði, leikvelli ofl. í nýjum hverfum. Greinargerð: Um fimm ár er síðan að síðustu

Lóðinni var úthlutað í Skarðshlíð og því miður eru nokkur dæmi þar sem ekki eru enn hafnar framkvæmdir á lóðum. Hér þarf að ganga skipulega til verks svo uppbygging nýrra hverfa taki ekki of langan tíma og ljúki sem fyrst. Hreinsunarátak, iðnaðar- og nýbyggingarsvæði Fulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi tillögu: Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að farið verði í átak í hreinsun á iðnaðar- og nýbyggingarsvæðum. Mikilvægt er fyrir uppbygging atvinnulífs hér sem annars staðar sé snyrtilegt og umgengni góð. Sama má segja um nýbyggingarsvæði bæjarins eða þar sem framkvæmdir eru í byggðum hverfum. Snyrtilegt umhverfi bætir ímynd bæjarins sem verður eftirsóknarverðara sem valkostur fyrir rekstraraðila og íbúa bæjarins. Þrýstingur á uppbyggingu á tilbúnum lóðum hefur verið fyrir hendi síðustu ár og hafa lóðir verið teknar til baka í nokkrum tilfellum og úthlutað að nýju. Áfram verður haldið á sömu braut og hart lagt að lóðarhöfum að bæði hefja og ljúka uppbyggingu á sínum lóðum.

Bókun meirihluta skipulags- og byggingarráðs:

Á síðasta kjörtímabili hófst átak í frágangi í nýjum atvinnuhverfum, til dæmis í Selhrauni, árangurinn hefur verið góður. Á nýjustu athafnasvæðum bæjarins hafa bæði byggingaraðilar og bæjaryfirvöld gert betur en áður í frágangi lóða og opinna svæða, það er því góð þróun og rífandi gangur í þessum verkefnum.

1.liður úr fundargerð fjölskylduráðs frá 25.nóvember sl.
Lagðar fram tillögur úr bókun Bæjarstjórnar.

Fjölskylduráð samþykkir fyrir sitt leyti að Hafnarfjarðarbær taki þátt í uppbyggingu vettvangs-og ráðgjafarteymis í málefnum heimilislausra, annað hvort í samstarfi við sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu eða með því að sameinast því teymi sem starfar hjá Reykjavíkurborg.

Sveitarfélagin á höfuðborgarsvæðinu létu vinna heildarskýrslu um stöðu í málefnum heimilislausra sem kom út í mars 2023. Ein meginniðurstaða hennar var tillaga um að koma á fót sameiginlegu vettvangs- og ráðgjafarteymi.

Málefni heimilislausra hafa verið reglulega á dagskrá hjá fjölskylduráði og hafa samtöl meðal annars átt sér stað við sveitarfélög varðandi uppbyggingu á vettvangs-og ráðgjafarteymi, þá hefur verið fjárfest í þremur smáhýsum og vinnsla tengt þeim í gangi. Einnig hefur verið sett af stað sértæk heimaþjónusta sem er mikilvæg viðbót við þjónustuframboð bæjarins.

Fjölskylduráð samþykkir að tillögum að umbótarverkefnum vegna úttekta HLH verði vísað í fjárhagsáætlunarvinnu. Sviðsstjóra fjölskyldu-og barnamálasviðs falið að fylgja verkefninu eftir.

Meirihluti Fjölskylduráðs hafnar tillögu Samfylkingarinnar um að setja á fót viðræðuhóp vegna fjölgunar á hjúkrunarrýmum. Meirihluti fjölskylduráðs ítrekar að vinna við fjölgun hjúkrunarrýma í Hafnarfirði er í vinnslu. Í dag eru þrjár lóðir tilbúnar til uppbyggingar, í Hamranesi, í Vatnshlíð og hjá Hrafnistu þar sem hægt er að ráðast í uppbyggingu um leið og ákvörðun liggur fyrir hjá ríkinu. Bæjarstjóri og starfsfólk Hafnarfjarðarbæjar hefur verið í reglulegum samskiptum við ríkið og uppbyggingaraðila til að koma málinu áfram. Það stendur ekki á bænum að hefja uppbyggingu. Allar forsendur af hálfu sveitarfélagsins eru fyrir hendi.

Nú skiptir máli er að ríkisvaldið stígi næsta skref og ljúki málinu þannig að

framkvæmdir geti hafist. Meirihlutinn leggur áherslu á að ferlið er hvorki á byrjunarreit né á hugmyndastigi heldur tilbúið til framkvæmda um leið og samþykki liggur fyrir. Fulltrúar fjölskylduráðs verða hluti af ferlinu á öllum stigum ásamt því að haft verður samráð við hagsmunaaðila.

Meirihluti fjölskylduráðs tekur jákvætt í tillöguna sem snýr að nýrri heilsugæslu í Hafnarfirði og vísar henni til frekari úrvinnslu í bæjarráði. Það er mikilvægt hagsmunamál fyrir Hafnfirðinga að hafa aðgang að heilsugæslu í sínu nærumhverfi og brýn þörf að bæta við heilsugæslustöð í Valla eða Hamraneshverfi. Fulltrúar bæjarins hafa átt í viðræðum við stjórnvöld varðandi aðkomu að því að hálfu bæjarins og taka undir með minnihluta bæjarstjórnar að mikilvægt er að halda þessum viðræðum áfram og þrýsta á ráðuneyti heilbrigðismála sem fer með málaflokkinn.

Meirihluti fjölskylduráðs hafnar tillögu Samfylkingarinnar sem fjallar um aðgengi fólks með fötlun á almennum vinnumarkaði og telur það árangursríkara að nýta og styrkja og þróa þau úrræði sem eru til staðar hjá bænum.

Meirihluti fjölskylduráðs tekur undir mikilvægi þess að efla atvinnupátttöku fatlaðs fólks og ítrekar að Hafnarfjarðarbær hefur þegar tekið í markviss skref til að styrkja þann málaflokk. Með nýrri Miðstöð um vinnu og virkni hefur þjónusta verið samhæfð og eflað þannig að fatlað fólk fær nú betri stuðning, ráðgjöf og tækifæri til atvinnupátttöku.

Meirihlutinn mun áfram leggja áherslu á að skapa raunhæf, fjölbreytt og einstaklingsmiðuð vinnu- og virkniúrræði fyrir fatlað fólk. Með því að nýta sér þjónustu eins og atvinnu með stuðningi hjá Vinnumálastofnun og Miðstöðina er hægt að bjóða upp á sveigjanleg og einstaklingsmiðuð úrræði, sem hafa reynst árangursrík við að bæta atvinnupátttöku fatlaðs fólks.

Meirihluti Framsóknar og Sjálfstæðisflokks munu áfram vinna að því að bæta aðgengi fatlaðs fólks að atvinnu með því að nýta þessi fyrirliggjandi úrræði og tryggja að allar aðgerðir sem við setjum í framkvæmd séu markvissar og atvinnu- og virkni aukandi.

Meirihluti fjölskylduráðs tekur undir mikilvægi þess að ráðast í formlega stefnumótun um innleiðingu og notkun á velferðartækni í velferðarþjónustu.

Sviðsstjóra falið að taka saman minnisblað um mögulegar leiðir, afla upplýsinga frá öðrum sveitarfélögum og skoða leiðir að útfærslum. Fjallað verður áfram um málið í fjölskylduráði í kjölfar upplýsinga sem lagðar verða fram.

Fulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi:

Ljóst er að snúin sigling er framundan í rekstri bæjarins eins og niðurstaða árshlutareiknings bæjarins er til vitnis um. Það er því enn brýnna en áður að standa vörð um velferðarþjónustu sveitarfélagsins og að forgangsraða í þágu hennar. Svör við fyrirsprungnum Samfylkingarinnar sem liggja fyrir á þessum fundi um húsnæðismál almennt, biðlista eftir félagslegum íbúðum og biðlista eftir húsnæði fyrir fatlað fólk leiða því miður í ljós að stefnu- og úrræðaleysi meirihluta Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks í húsnæðismálum. Langir biðlistar eftir félagslegum íbúðum sem og biðlistar eftir húsnæði fyrir fatlað fólk og hæg fjölgun íbúða á síðustu árum eru til marks um þessa stöðu. Í þeim efnum er þó rétt að fagna því að uppbyggingaráætlun um uppbyggingu húsnæðis fyrir fatlað

fólk er lögð fram á þessum fundi. Í síðari umræðu bæjarstjórnar um fjárhagsáætlun næsta árs munu fulltrúar Samfylkingarinnar leggja áherslu á þessi mál og ýmis önnur sem snúa að því að efla velferð íbúa Hafnarfjarðar. Þar er hægt að nefna atriði eins og hraðari fjölgun félagslegra íbúða hjá bænum, uppbyggingu fjölbreytts húsnæði, m.a. fyrir eldra fólk og fleiri mál.

Fulltrúar Samfylkingarinnar leggja áherslu á að bæjarstjórn samþykki tillögur okkar varðandi fjölgun hjúkrunarrýma og nýja heilsugæslu í Hafnarfirði. Þar er um að ræða mikil hagsmunamál fyrir Hafnfirðinga sem þarf að fylgja eftir af festu og koma á hreyfingu. Sama gildir um tillögu okkar um aðgengi fólks með fötlun að almennum vinnumarkaði. Við ítrekum einnig að við fögnum tillögu meirihlutans um að Hafnarfjörður muni taka þátt í uppbyggingu vettvangs- og ráðgjafarteymis í málefnum heimilislausra annað hvort með samstarfi við sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu eða með því að sameinast því teymi sem starfar hjá Reykjavíkurborg. Enda er hér um að ræða mál sem fulltrúar Samfylkingarinnar í fjölskylduráði og bæjarstjórn hafa lengi talað fyrir.

Fulltrúi Viðreisnar fagnar því að formleg innleiðing á velferðartækni sé komin á dagskrá fjölskylduráðs. Hafnarfjörður, líkt og önnur sveitarfélög, er vissulega að nota slíka tækni að hluta til en sú vinna getur verið og þarf auðvitað að vera markviss - bæði þannig að hún nýtist þjónustuþegum sem best og sé einnig unnin á sem hagkvæmastan hátt. Formleg innleiðing á notkun velferðartækni mun meðal annars hafa í för með sér aukið sjálfstæði, öryggi og lífsgæði fyrir íbúa bæjarins. Notkun velferðartækni minnkar einnig álag á starfsfólk, eykur yfirsýn stjórnenda og leiðir af sér betri nýtingu á fjármunum bæjarbúa. Það er því jákvætt að fjölskylduráð ætli sér að vinna málið áfram, en fulltrúi Viðreisnar leggur áherslu á mikilvægi þess að Hafnarfjarðarbær leggi í formlega stefnumótun varðandi innleiðingu á velferðartækni, til þess að tryggja að fagmennska og þjónusta við bæjarbúa sé höfð að leiðarljósi.

5.liður úr fundargerð fræðsluráðs frá 26.nóvember sl.
Tillögur lagðar fram.

Tillögum vísað til bæjarráðs.

01.12.2025

Valdimar Víðisson bæjarstjóri